

Tunglárið mikla

Háskólabíó mánudagsmynd:

A ári með þrettán tunglum (In einem Jahr mit 13 Monden). Þýsk, árgerð 1978. Leikendur: Volker Spengler, Ingrid Caven, Gottfried John, Elisabeth Trissenaar, Eva Mattes, Karl Scheydtt, Lilo Pempeit, Gunther Kaufmann. Handrit, kvikmyndataka. leikstjórn o.fl.: Rainer Werner Fassbinder.



Kvikmyndir

eftir Guðlaug Bergmundsson

Sem inngangur að mynd Fassbinders er texti, þar sem segir að líf þeirra einstaklinga, sem láta stjórnast af tilfinningum sínum, eigi á hættu að verða fyrir stórum áföllum á árum með þrettán nýjum tunglum. Eitt af þessum árum var 1978, en einmitt það ár, svipti náinn vinur Fassbinders sig lífi. Þessi atburður fékk svo mikið á Fassbinder, að hann fann sig knúinn til að gera eitthvað. Hann eygði þrjá möguleika á þessum tíma, í fyrsta lagi að gerast bóndi í Paragvay, í öðru lagi að draga sig svo til algerlega í hlé frá öllu, og í þriðja lagi að gera kvikmynd. Þar sem það reyndist einfaldasta lausnin, varð þessi mynd til, og er hún einhvers konar listræn viðbrögð Fassbinders gagnvart þessu áfalli.

Eins og allar myndir Fassbinders, er Ar með 13 tunglum ástarsaga, eða réttara sagt ekki-ástar

saga, því að hans álti er ástin ekki til, alla vega ástin eins og flestir líta á hana. Hjá Fassbinder er ástin alltaf tengd peningum, hún er eitthvað sem þú kaupir, hvort sem það er beint eða óbeint.

Erwin varð ástfangin af Anton og sagði honum það. Anton svaraði því til, að það væri leitt að Erwin væri ekki stelpan. Erwin fór því til Casablanca og lét breyta sér í Elviru, en þegar heim kom

frásögn hans-hennar, eða annarra persóna myndarinnar, sögu, sem var endalaus leit að ást. Ferðalag hjúanna um Ískalda og tilfinningasnauda borgina endar síðan með sjálfsmorði Erwins-Elviru.

Gamli Fassbinderstillinn er mjög greinilegur í þessari mynd, þar sem skotin eru óendanlega löng og hæg, og persónurnar eru skoðaðar gegnum opnar dyr, þannig að þær eru í tvöföldum ramma, til að sýna hversu aðþrengdar þær eru tilfinningalega, og einangraðar. Þá notar Fassbinder einnig þá aðferð að segja okkur sögu persónanna með orðum, en ekki myndum, eins og áður er getið.

Ar með 13 tunglum er nokkuð rökfrætt framhald af fyrri myndum Fassbinders, en örvæntingin er kannski enn meiri en áður.

Stór hluti Fassbindergeisins kemur fram í þessari mynd og er þar valinn maður í hverju rúmi, en sérstaklega tekst þeim vel upp, Volker Spengler og Ingrid Caven.

Þrátt fyrir allt vonleysið, er þetta falleg mynd og algjört mót fyrir þá sem vilja fylgjast með merkasta kvikmyndaleikstjóra vorra tíma.

vildi Anton hann-hana ekki.

Myndin segir frá fimm síðustu dögum Erwins-Elviru, þar sem hann-hún reikar um Frankfurt í fylgd með vinkonu sinni, sem er hóra, til að reyna að finna sjálfa(n) sig. Ahorfendur fá síðan að kvinnast sögu hans-hennar í




Volker Spengler og Ingrid Caven í Ar með 13 tunglum.

Santana á niðurléið

Hver ætli tryði því sem byrjar að hlusta á Santana í dag, að fyrir 10–11 árum hafi þeir verið einhver besta og frumlegasta hljómsveit heims?

orðið það slæmt að þeir verða að miklu leyti að treysta á utanaðkomandi efni, en þar er að finna lög eftir Cat Stevens, Russ Ballard, J.J. Cale o.fl. Lögirn eru



Popp

eftir Gunnlaug Sigfússon

Santana gaf á árunum 1970-1972 út einhverjar bestu plötur þessara ára þ.e. Abraxas, Santana 3 og Caravanserai. A eftir þessum plötum fylgdu nokkrar ágætis plötur, svo sem Welcome, Borboletta, Lotus og Amigos. En á þeirri síðast nefndu er þó orðið nokkuð greinlegt að hljómsveitin er ekki lengur söm og áður, og síðan hefur verið ákaflega auðvelt að hafa tölu á þeim góðu lögum, sem hljómsveitin hefur sent frá sér. Hafa síðustu plötur þeirra satt að segja verið nauða ómerkilegar og ekkert þar að finna, sem annaðhvort þeir og aðallega aðrir hafa ekki gert þúsund sinnum áður. Á nýjustu plötunni, Zebop, er ástandið

sumhverf í þessum hræðilega ameríska „þungarokks“ stíl, en önnur eru endurgerð á Samba Pa Ti, Europe, eða hvaða nafni það hét nú síðast.

Hvað er það sem gerir það að Santana plötur eru ekki lengur góðar plötur? Eg held að ástæðan sé fyrst og fremst sú að sú Santana hljómsveit sem starfandi er í dag inniheldur ekki einn einasta af upprunalegum meðlimum hljómsveitarinnar, utan gítarleikarann Carlos Santana. Það er greinilega ekki hlaupið að því að fylla upp í skörð sem menn eins og Gregg Rolie, Neil Shon, Jose Chepito Areas, Mingo Lewis og síðast en allra sist Mike Shrieve, hafa skilið eftir sig.

Staðreyndin er nefnilega sú að í þeirri Santana hljómsveit sem starfandi er í dag, virðist Santana sjálfur vera eini maðurinn sem gæti talist verulega góður hljóðfærleikari. Hinir kunna að visu vel það sem þeim er sett fyrir, en virka hins vegar ekki skapandi. Zebop er í hópi lélegustu platna sem Santana hafa sent frá sér, hún er í alla staði ófrumleg og lítt eftirminnileg. Það væri miklu sniðugra fyrir þá sem eru að byrja að hlusta á Santana að athuga frekar Abraxas, Santana 3 eða Caravanserai. Nú þeir sem eiga þær geta þá bara sparað sér öll Santana kaup í bili.

Djassdúó á heimsmælikvarða

Þá er fyrstu Reykjavíkur-djasshátíðinni lokið. Hún stóð yfir í fjögur kvöld með pomp og pragt. Kvintett Svíans Frederik Noréns reið á vaðið og um leik þeirra hefur verið fjallað á þessum síðum. Síðasta föstu-

og á sunnudagskvöld léku hér hjónin Chris Attókappi og Lynett Woods í hópi Guðmundar Ingólfssonar, Kristjáns Magnússonar, Ted Daniels, Arna Schevings, Askels Mássonar og Alfreðs Alfreðssonar

Nýja kompanið hóf leikinn á föstudagskvöld. Þetta eru ungir piltar sem eiga margt ólært, en það kæmi mér ekki á óvart þótt altistinn þeirra, Sigurbur Flosason, yrði í hópi bestu djassleikara okkar innan tíðar endist honum eldmóður til æfinga og hlustunar. Gítaristann fingralipra, Sveinbjörn Baldvinsson, og bassaleikarann, Tómas Einarsson, vantar enn herslumuninn, en píanistinn Jóhann G. Jóhannsson og trommarinn Sigurbur Valgarðsson eiga nokkuð langt í land til Sveiflutaða. Aldurinn er þeim ekki til trafala svo við skulum bíða og sjá.

Þá var komið að dúó Ted Daniels og Askels Mássonar. Hans var beðið með eftirvæntingu. Ted Daniel er þekktur




Jazz

eftir Vernharð Linné

dagskvöld lék hér bandaríski trompetleikarinn mm. Ted Daniel ásamt Reyni Sigurbssyni, Kristjáni Magnússyni, Arna Scheving, Askeli Mássyni og Alfreð Alfreðssyni svoog Nýja kompanið. A laugardagskvöld blés Daniel með Nýja kompaniinu og Askeli Mássyni

og var þá settur punkturinn aftan við hátíðina.

Aðsókn að hátíðinni var í dræmara lagi. Þýðir kannski ekki að bjóða landanum uppá annað en stórstjórnushljómsveitir? Hvað um það, stemmningin var góð og margt vel gert í músíkinni.



Björn Rúníksson að Kjarvalsstöðum

Björn Rúníksson

Þegar undirritaður stakk inn höfði sínu í vestursal Kjarvalsstaða, varð hann að vonum undrandi. Ekki vegna þess að hann ætti von á einhverju miður góðu frá hendi Björns Rúníkssonar, heldur vegna þess, að hann bjóst ekki við slíkum fjölda jafngóðra ljósmynda. Segja má að þær 63 myndir sem Björn sýnir, séu allt í senn,

það er erfitt að grípa dæmi úr þessum fjölda mynda til að gefa sýnishorn af vinnu Björns. Þó má flokka myndirnar eftir ýmsum leiðum. Flestar eru teknar úr lofti, allt að 3.500 metrum yfir myndefninu. Aðrar eru teknar í 200 metra hæð yfir svæðinu og gerir Björn grein fyrir þessu í sýningaráhrifum þannig verða sumar myndir ab-



Myndlist

eftir Halldór Björn Rúníksson

náttúrulýsingar / náttúrustúdur, rannsóknarmyndir og fagurfræðileg myndverk. Nú talar hér algjör viðvaningur í ljósmyndaáhrifum, þannig að útlistun á tæknilegri gerð þessara verka hlýtur að liggja milli hluta í þessu rabbi. Þó er vist að sýning þessi er þeim fjölmörgu ljósmyndaáhrifum sem þessa tækni þekkja, hrein gullnáma (enda gat ég ekki betur séð en salurinn væri orðinn hálfgerður ráðstefnusalur þessara manna sem diskúteruðu verkin á máli sem undirrituðum var hálfgerð kinverska, því miður).

Allt frá því undirritaður kynntist Birni (þá báðir á 14. ári), og rannsakandi með honum gang himintunglanna (auðvitað sem lítilfjörlegur lærlingur), hefur hann aldrei efast um að eitthvað merkilegt hlyti að fæðast úr þeim brennandi áhuga sem Björn hafði á öllum furðum náttúrunnar. Kannski kristallast þessi stjarnfræðihugi hans í hinni mögnuðu mynd „1999“ (49) sem er eina myndin tekin erlendis og sýnir greimrannsóknarstöð með glottandi tungli yfir. Hefði Björn verið fæddur Bandaríkjamannur eða Rússi, væri hann örugglega kominn á braut um jörðu í geimskutlu eða Saljútrannsóknarstöð.

Sem Íslendingur beinir hann áhuga sínum að því sem landið hefur upp á að bjóða, ógunni sem undir því býr og yfir. Hann gerist fararstjóri og einkaflugmaður, ljósmyndari og ætlar nú að leggja fyrir sig jarðfræði. Ekkert á að sleppa sjónum hans, hvort heldur er mikrókosmos eða makrókosmos. Slíkir menn voru kallaðir á Ítalíu áður fyrr „uomini universali“ (alhliða menn).

strakt form, nema betur sé að gáð, einkum þegar tekin er mynd lóðrétt ofan við efnið. Það er því fremur sjónarhorn en hæð sem ákvarðar flugmyndirnar sem allar eru af náttúru landsins, fjöllum, jöklum, söndum og sjávarsíðu.

Aðrar myndir Björns eru teknar á jörðu niðri og er það allstór flokkur. Hér er þó ekki öll sagan sögð. Sumar myndir Björns eru ljóðrænar smámyndir, teknar af smáa og ljóðræna. Aðrar eru stórar og mómmentalskar, jafnvel svo epískar að andlitið hefði dottið af Hömer og Nietzsche frammi fyrir þeim. Enn aðrar eru fremur formstúdir en landslagsmyndir.

Úr öllum þeim aragrúa mynda sem til greina kæmi að fjalla um vegna gæða þeirra sem ljósmynda, náttúrumynda og myndverka, verður bent á fjórar myndir sem hver á sinn hátt hrifu undirritaðan meir en aðrar. Þó er allt val jafn erfitt. „Haustkvöld á Úthéabi“ (15) er dæmigerð fyrir útsjónarsemi Björns, hvað varðar form-skyngjun í náttúrunni. „Hvalfjörður“ (17) er kannski symfónískasta mynd sýningarinnar í allri sinni stórbotnu dýpt. „Gjóskurendur“ (27) er eflaust frumlegasta móttívið, grafískt eins og línurit. Í „Melgras“ (56) nær Björn þeirri ljóðrænu heild sem fólgin er í náttúrunni næst okkur og við fótum troðum, án þess að veita henni athygli.

Þessi orð eru jafn fátækleg og myndir Björns eru auðugar. Þeim verður ekki lýst, þær verður að sjá.

LEIKFELAG REYKJAVÍKUR

Barn í garðinum

4. sýning í kvöld uppselt
blá kort gilda
5. sýning þriðjudag kl. 20.30
gul kort gilda.

Ofvitinn

laugardag uppselt

Skornir skammtar

sunnudag uppselt
miðvikudag uppselt

Rommy

fimmtudag kl. 20.30.

Miðasala í Iðró kl. 14–20.30.
Sími 16620.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

La Boheme

í kvöld kl. 20 — Uppselt
laugardag kl. 20, uppselt

Oliver Twist

sunnudag kl. 15
Síðasta sinn

Sölumaður deyr

sunnudag kl. 20

Miðasala 13.15–20.
Sími 1-1200.